

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/37/02

frá 9. febrúar 2012

um að færa flúfenoxúrón ekki á skrá í sæfiefnaflokki 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 621)

(2012/77/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾ er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir flúfenoxúrón.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur flúfenoxúrón (CAS-nr. 101463-69-8, EB-nr. 417-680-3) verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í sæfivöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Frakkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 17. mars 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 22. september 2011.
- 5) Raunhæft mat á áhættu fyrir viðkomandi umhverfishólf hefur sýnt fram á óviðunandi áhrif á vatnsræna umhverfishólf. Enn fremur gera eiginleikar flúfenoxúróns það þrávirkt, líklegt til að safnast fyrir í lifverum og eitrad

sem og mjög þrávirkt og mjög líklegt til að safnast fyrir í lifverum í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006⁽³⁾. Því er ekki viðeigandi að færa flúfenoxúrón á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB fyrir notkun í sæfivöruflokki 18.

- 6) Við fastsetningu dagsetningarinnar þegar ekki má lengur setja sæfivörur í sæfivöruflokki 18 sem innihalda flúfenoxúrón á markað skal taka tilhlýðilegt tillit til niðurstöðu áhættumatsins og gildistökudags þessarar ákvörðunar.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ekki skal færa flúfenoxúrón (CAS-nr. 101463-69-8, EB-nr. 417-680-3) á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB, í sæfivöruflokki 18.

2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skal ekki setja á markað sæfivörur, sem falla undir sæfivöruflokk 18 og innihalda flúfenoxúrón, frá og með 1. ágúst 2012.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

Framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 15.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.